

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

02. tbl. • Febrúar 2002



CONSTRUCT NORTH

HÖNNUN, TÆKNI OG MANNVIRKJAGERÐ
Á NORÐURS LÖÐUM

MÁLING, FAGSYNING OG RÁÐSTEFNUR
GRAND HOTEL REYKJAVÍK - LAUGARZA ISHÖLL
27. FEBRÚAR TIL 3. MARS 2002

Winnuáætlun 27. Febrúar GRAND HÓTEL

Áhrif gæðisáhrifa í rekstri ríkis og sveitafélaga

Hvada hægt að hafa ríki og sveitarfélög að gæðastjórnun?

Firringuáætlun 28. Febrúar GRAND HÓTEL og LAUGARZA ISHÖLL

MÁLING Construct North 2002

**Stjórnunaráðferðir þú í m annvirkjagerð og byggingaríðnaði
og m ðguleikar til aukins samstarfs og útflutnings**

Firringuáætlun 1. Mars GRAND HÓTEL og LAUGARZA ISHÖLL

Ráðstefna utvinnuáætlun, Samtaka Íslandis og Stjórnunaráðs, í samvinnu við umhverfisráðuneyti

Markaðsaðgangur að EES-svæðinu og reglur um CE-merkingar vöru

Lagafundin 2. Mars LAUGARZA ISHÖLL

Ráðstefna í samvinnu við Hönnunarfélög ÍR, TF, AÍ, BF, F og Fm

Hönnunaráðstefnan: Hönnun á norðurslöðum

Ráðstefna 3. Mars LAUGARZA ISHÖLL

Fagsýning íslensks byggingaríðnaðar

Ráðræn þátttökuskráning á MANNVIRKI.IS

Einng er tekið við skráningum í síma 591 5555 og hægt er
að senda inn tökuþótt á netfangið skraning@si.is

STÓRA DILLAR
CONSTRUCT
NORTH 2002



Stóra Dillar Construct North 2002



Hver er sinnar gæfu smiður

Undirrituðum barst nýlega í hendur eintak af skýrslu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, World Economic Outlook, þar sem dregið er saman yfirlit um ástand og horfur í efnahagsmálum heimsins. Þar má sjá að við Íslendingar erum aftur komnir í þá afleitu stöðu að skera okkur úr með meiri verðbólgu en í nokkru öðru þróðu landi. Á hinn bóginn er hvergi minna atvinnuleysi þótt víða hafi dregið mjög úr því, ekki síst í smærri ríkjum Evrópu. Verstu fréttirnar eru þær að hvergi, nema í Japan, eru horfur á hagvexti á þessu ári lakari en hér og hvergi eru vextir hærri en á Íslandi.

Grundvöllur hagvaxtar

Undanfarin ár hefur hagvöxtur hér á landi verið umtalsverður, þótt hann hafi fráleitt verið með eindæmum eins og stundum er haldið fram. Tölur sýna að hagvöxtur í smárikjum ESB eins og Luxemborg, Írlandi og Finnlandi hefur verið enn meiri undanfarin 5 ár. Hitt er öllu lakara að hagvöxtur þessara landa er af allt öðrum toga en hér á landi. Aukin neysla, bæði samneysla og einkaneysla, hefur hér

valdið mikilli þenslu sem birtist í viðskiptahalla, verðbólgu og skuldasoðnun. Hjá okkur hefur hlutfall milliríkjavíðskipta af landsframleiðslu staðið í stað á meðan það hefur vaxið hröðum skrefum í þeim smárikjum Evrópu sem búið hafa við mestan hagvöxt undanfarin ár. Þar er alþjóðavæðingin mun hraðari en hjá okkur.

Iðn- og tækni-menntun er hornreka

Tölvu- og hátækni-iðnaður hefur vissulega vaxið hér hröðum skrefum undanfarin ár en það er hins vegar alls ekki rétt að við skerum okkur úr hvað það varðar. Við stöndum framarlega hvað varðar notkun tækninnar en í framleiðslu erum við því miður eftirbátar annarra. Við viljum raunar líka telja okkur það til tekna að við séum ákaflega vel menntuð og vinnusöm þjóð en í alþjóðlegum samanburði er ekki að sjá að nokkur fótur sé fyrir þeim fullyrðingum. Háskólamenntuðum hefur að vísu fjölgað nokkuð undanfarin áratug en starfs- og framhaldsmenntuðu fólki fer fækkandi að sama skapi. Iðn- og tækni-menntun er hornreka í menntakerfi okkar. Það vita og viðurkenna flestir sem til þekkja. Ófaglært fólk með grunnmenntun er yfir 40% af vinnuaflinu og það hlutfall fer hækkanði. Við byggjum ekki upp tæknivæddan iðnað án þess að mennta fólk til starfa þar.

Dýrkeyptar sérþarfir Íslendinga

Það er umhugsunarefni hvort við sem smáþjóð séum dæmd til þess að búa við frumstæða frumvinnslu og eilífar sveiflur í efnahagsmálum. Margir vilja trúá því að svo sé og þess vegna þurfum við að byggja á „undirstöðugreinum“ okkar og hafa eigin mynt, sem við greiðum dýru verði í óstöðugu gengi og miklu hærri vöxtum en hjá keppinautum. Það er dýrt að vera lítil og með endalausar sérþarfir.

Það er reyndar svo að flest eða öll skref, sem stigin hafa verið í þá átt að samræma starfsskilyrðin því sem tíðkast í nágrenna-löndum okkar, hafa þegar til kastanna

kemur orðið til góðs. Það tekur okkur Íslendinga hins vegar áratugi að koma þessum breytingum í verk. Við erum enn að velkjast með vörugjöld sem flest Evrópuríki hafa afnumið. Það tók okkur áratugi að breyta söluskatti í virðisaukaskatt. Við bjuggum við gjaldeyrishöft og takmarkanir á fjárfestingum lengur en nokkur önnur þjóð í V-Evrópu og þannig mætti lengi telja. Stærstu skrefin í framfararátt hafa einmitt verið stigin með alþjóðlegum samningum, einkum EES-samningnum, þar sem þrýstingur á breytingar kemur utanfrá. Við spyrnum að vanda á móti og þessum breytingum er formælt hátt og í hljóði en oftar en ekki sjáum við að við getum ekki aðeins lifað við sömu reglur og aðrir heldur henta þær okkur ágætlega.

Hentar okkur það sama og öðrum?

Það er ánægjulegt að sjá í nýbirtri skoðanakönnun PricewaterhouseCoopers nú í vikunni að íslenska þjóðin trúir því ekki lengur að okkur henti eitthvað allt annað en öðrum Evrópuþjóðum. Tveir af hverjum þrem segjast vilja hefja viðræður við Evrópusambandið um aðild að því. Þetta er stórmerkileg niðurstaða í ljósi þess að enginn stjórnmálaflokkur hefur þessa stefnu og raunar nota sumir forystumenn þeirra hvert tækifæri til að básúna ókosti aðildar, áhrifaleysi og framsal fullveldis.

Þjóðin trúir því greinilega ekki lengur að okkur henti eitthvað allt annað en öðrum Evrópubúum. Menn sjá að smáþjóðir eins og Danir, Írar og Finnar eru ekki sviptar fullveldi sínu og þaðan af síður er lífsbjörgin frá þeim tekin. Þvert á móti gagnast þessar þjóðir mest allra á skýrum leikreglum, samkeppni og alþjóðavæðingu sem byggist á hindrunalausum viðskiptum á innri markaði EES – svæðisins og hagstæðum samningum við önnur markaðssvæði í heiminum. Þessar þjóðir vinna markvisst að því að bæta iðn- og tækni-menntun, tæknivæða framleiðsluna og auka útflutning. Okkur hentar það sama og þeim.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
02. töl. Febrúar 2002
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 22.02. 2002
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is / thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Saga iðnráðanna öll

Alþingi samþykkti hinn 11. febrúar sl. að afnema iðnrád í stað þess að styrkja starfsemi þeirra eins og frumvarp iðnaðarráðherra gerði ráð fyrir. Þessi viðsnúningur varð að frumkvæði iðnaðarnefndar sjálfrar og gekk ekki aðeins gegn áformum iðnaðarráðherra heldur einnig þvert á vilja hagsmunaaðila í iðnaði. Það er auðvitað lofsvert að þingnefndir sýni frumkvæði í störfum sínum en áhyggjuefni, þá sjaldan það gerist, að þær velji að snúast gegn almennum vilja þeirra sem hagsmunaaðila eiga að gæta.

Samtök iðnaðarins höfðu hvatt iðnaðarráðherra til þess að endurskoða ákvæði um iðnrád, m.a. að fækka þeim, gera þau starfhæfari og tryggja betur fjárhagslegan grundvöll þeirra. Upphaflegt frumvarp iðnaðarráðherra gerði einmitt ráð fyrir að rýmka starfsskilyrði iðnráða og tryggja þar með betur starfsgrundvöll þeirra. Samtök iðnaðarins studdu því frumvarpið í um-sögn sinni til iðnaðarnefndar Alþingis. Iðnaðarnefndin ventu hins vegar sínu

kvæði í kross og felldi niður ákvæði um iðnrád í iðnaðarlögunum og er tilvist þeirra þar með úr sögunni.

Hlutverk iðnráða var að veita lögreglustjóra umsögn áður en hann gaf út meistarabréf eða iðnaðarleyfi. Sömuleiðis bar iðnráðum að veita lögreglustjóra aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum iðnaðarlaga um handiðnað. Annað mikilvægt hlutverk þeirra var að leysa úr ágreiningsmálum milli iðnaðarmanna, t.d. um mörk milli iðngreina.

Vissulega má fara að því nokkur rök að iðnráðin hafi mátt muna sinn fífil fegri. Einmitt þess vegna flutti iðnaðarráðherra frumvarp sitt en það var gert til þess að hleypa nýju blóði í starf þeirra. Ekki er gott að átta sig á því hvað iðnaðarnefnd Alþingis gekk til með framgöngu sinni.

Samtök iðnaðarins munu íhuga hvort ekki sé rétt að stofna, innan sinna raða, til starfs sem fæst við einhver þeirra verkefna sem iðnráðin höfðu áður með höndum.

Jón Steindór Valdimarsson

Framtíðarsýn og stefnumótun upplýsingatækniíðnaðar

Stjórn Samtaka íslenskra hugbúnaðar-fyrirtækja, sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, hefur ákveðið að halda vinnufund um stefnumótun fyrir UT-iðnað föstudaginn 8. mars nk. í Bláa Lóninu. Nú eru liðin fjögur ár síðan sambærilegur vinnufundur var haldinn en niðurstöður þeirrar vinnu má finna á vef upplýsingatækniíðnaðar ut.is.

Á fundinum verður mótuð sameiginleg framtíðarsýn fyrir íslenskan UT-iðnað og skilgreint hvað verði að breytast eða vera fyrir hendi í starfsskilyrðum fyrirtækjanna ef sú sýn á að rætast. Þátttakendur verða stjórnendur í helstu UT-fyrirtækjum landsins auk þess sem nokkrum völdum fulltrúum úr stjórnsýslu verður boðin þátttaka.

Guðmundur Ásmundsson

Nýir félagsmenn

Frá áramótum hafa eftirtaldir gerst félagar í Samtökum iðnaðarins:

Gámabjónusta Akraness ehf.

Furugrund 3
300 Akranesi
Starfsemi: Gámabjónusta og sorphirða

Þórður Árnason, húsasmíðameistari

Borgarholtsbraut 63 A
200 Kópavogi
Starfsemi: Húsasmíði

Varmamót ehf.

Framnesvegi 19
230 Reykjanesbæ
Starfsemi: Framleiðsla á varmamótum úr frauðplasti

Kökuhornið Lindabakari ehf.

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogi
Starfsemi: brauð- og kökugerð

Monroe ehf.

Templarasundi 3
101 Reykjavík
Starfsemi: Hárgreiðslustofa

Rúmmeter ehf.

Krókhálsi 10
110 Reykjavík
Starfsemi: Múrverk

**Sterk
samtök
iðnaðar**

www.si.is

Framtíð nýsköpunar í norrænni matvælaframleiðslu

Norræni iðnaðarsjóðurinn stóð nýlega fyrir tveggja daga ráðstefnu í Stokk-hólmi um framtíð norrænnar matvælaframleiðslu. Þar var fjallað um umhverfi matvælaframleiðslu frá ýmsum hliðum, viðhorf neytenda til matvælaöryggis, vörumerkja og ímyndar norrænnar framleiðslu. Þá var rætt um nýsköpun af ýmsu tagi, samskipti við verslunarkeðjur og hvernig á að komast inn á markað og halda stöðu sinni þar.

Ráðstefnustjóri var Ulf Wickbom, sjálfstætt starfandi blaðamaður, sem glæddi ráðstefnuna tvöföldu lífi með hnyttum athugasemdum og líflegu innleggi í umræður.

Lars Sponheim, landbúnaðarráðherra Noregs setti ráðstefnuna. Í inngangsræðu sinni lagði hann áherslu á mikilvægi þess að Norðurlandþjóðir vinni saman og tali einum rómi þar sem teknar eru ákvarðanir sem varða öryggi matvæla. Hann lýsti áformum um að hleypa af stokkunum átaksverkefni, á vettvangi Norræna ráðherraráðsins, til að auka matvælaöryggi og bæta merkingar og rekjanleika afurða erfðabreyttra lífvera í matvælum og meðferð sláturdýra.

Velgengni verslunarkeðja

Sara Ward frá Tesco verslunarkeðjunni lýsti því hvernig Tesco fylgist stöðugt með viðhorfum neytenda og bregst við áhyggjum neytenda af öryggi matvæla. Sara telur að velgengni Tesco felist í því að hlusta á neytendur og verða við óskum þeirra þar sem lífsstíll og smekkur þeirra taki sífelldum breytingum. Af máli hennar mátti ráða að keðjan hefði lagt mikla áherslu á að auka framboð lífrænnar vöru og að útiloka matvæli sem innihalda afurðir erfðabreyttra lífvera, sem trúlega ytir undir þá trú

manna að lífrænt sé hollt en erfðabreytt óhollt. Sala lífrænna vara jókst um 40% á fyrri helmingi síðast á árs miðað við árið á undan. Tesco leggur mikla áherslu á öryggi matvæla og gerir mjög miklar kröfur til birgja sinna til að tryggja það.

Finnski þingmaðurinn Heidi Hautala lýsti afskiptum sínum af matvælum í 25 ár. Hún rak lengi veitingahús með grænmetisfæði og er einn af þessum fáu ofurmeðvitundu neytendum sem krefjast greinargóðra svara um uppruna og meðferð alls sem þeir láta ofan í sig. Afskipti hennar af neytendamálum komu henni á þing, fyrst í Finnlandi og síðar á Evrópuþingið þar sem hún situr nú. Hún ræddi um traust neytenda á matvælum.

Hvernig á að halda velli í harðri samkeppni?

Guðmundur Stefánsson, þróunarstjóri SÍF, hélt mjög áhugavert erindi sem fjallaði um það hvernig fyrirtæki geta lifað af samkeppnina á neytendamarkaði. Hann fjallaði fyrst og fremst um franska markaðinn þar sem SÍF hefur einbeitt sér mjög á undanförmum árum. Stærstu viðskiptavinirnir eru verslanakeðjur og veitingahús. Vörur frá SÍF eru seldar með þrennum hætti, í fyrsta lagi undir eigin merki, í öðru lagi merki verslana-eða veitingahúsakeðja (private labels) og í þriðja lagi lágvörumerki (first price brands). Guðmundur lagði áherslu á mikilvægi þess að hlusta á og skilja þarfir og óskir hins endanlega neytanda. Framleiðendur þurfa að skilja markaðinn og fylgjast með því hvernig hann þróast. Vörur, umbúðir og skammtastærðir þurfa að vera í stöðugri þróun í takt við þróun markaðarins. Markaðir eru mjög ólíkir og því þarf vöruþróun að eiga sér stað nálægt markaðnum.

Guðmundur telur mikilvægi gæða, bæði vöru og þjónustu, fari vaxandi.

Framleiðandinn verður að gera sér ljóst hvaða merkingu viðskiptavinurinn leggur í gæði. Uppruni og rekjanleiki skipta miklu máli og þjónustan verður að vera óaðfinn-anleg.

Viðhorf neytenda

Sue Davies frá Neytendasamtökunum í Englandi ræddi kröfur neytenda og hvernig þær muni hafa áhrif á matvælaframleiðslu og setningu reglugerða í framtíðinni. Hún ræddi einnig um traust neytenda en eins og kunnugt er hefur traust neytenda á stjórnvöldum beðið mikinn hnækki á undanförmum árum. Í nýlegum könnunum, sem gerðar voru í Bretlandi, kemur fram að neytendur bera mun minna traust til upplýsinga frá stjórnvöldum en framleiðendum en best treysta þeir upplýsingum frá heilbrigðisþjónustunni. Þeir telja einnig að stjórnvöld séu hlutdrægust allra í málflutningi sínum.

Sue kynnti niðurstöður ýmissa kannana um viðhorf neytenda. Þær leiða í ljós að stór hluti neytenda telur mikilvægt að fá upplýsingar um allt mögulegt á umbúðum en mun færri telja sig nýta sér upplýsingarnar. Til dæmis svara næstum 90% því játandi að það sé mikilvægt að upplýsingar um næringargildi séu birtar á umbúðum allra matvæla en 55% telja sig eiga erfitt með að ráða af þeim upplýsingum hvað sé hollt og hvað ekki. Niðurstaðan af öllu þessu virðist vera sú að neytendur skorti tilfinnanlega fræðslu óháðra aðila sem þeir treysta og taka mark á.

Evrópusamstarf um matvælarannsóknir

Liam Breslin, yfirmaður matvælarannsóknna hjá Evrópusambandinu, hélt erindi um Evrópusamstarf á sviði matvælarannsóknna. Hann sagði frá þeim sviðum sem mest áhersla hefur verið lögð á í gildandi rammaáætlun og nefndi dæmi um verkefni sem ESB er að styðja á þessu sviði. Liam greindi einnig frá þeim málum, sem áhersla verður lögð á í nýrri ramma-áætlun sem tekur gildi í lok þessa árs. Í matvælarannsóknnum verður fyrst og fremst lögð áhersla á öryggi og rekjanleika og þau verða nokkurs konar lykilord. Hvað svo sem menn vilja rannsaka á sviði matvæla innan næstu rammaáætlunar verða þeir að tengja það öryggi og rekjanleika og færa í búning sem fellur að markmiðum ramma-



Samstarfsmiðlun á vefnum á sviði lífvísinda

„Fellows for Industry“ er fjölþjóðlegt samstarf, styrkt af Evrópusambandinu, sem hjálpar áhugasömum ungum vísindamönnum að komast í störf hjá stofnunum og fyrirtækjum á sviði heilbrigðis- og endurhæfingartækni í öðrum Evrópulöndum. Styrkir Evrópusambandsins til slíkra starfa geta varað allt að tveimur árum. Einn þáttur verkefnisins „Fellows for Industry“ er samstarfsmiðlun á vefnum til að greiða fyrir umsóknum um styrki fyrir lokafesti Marie Curie áætlunarinnar.

Markmið „Fellows for Industry“ er að

stuðla að samstarfi milli háskóla og iðnaðar. Fyrirtæki fá beinan aðgang að nýjustu rannsóknaniðurstöðum en vísindamenn fá tækifæri til að auka hagnýta þekkingu sína með því að starfa í iðnfyrirtækjum. Evrópusambandið greiðir laun starfsmanna sem þannig skipta um starfsvettvang.

Einn þáttur verkefnisins „Fellows for Industry“ er samstarfsmiðlun á vefnum til að greiða fyrir umsóknum um styrki fyrir lokafesti Marie Curie áætlunarinnar, 13. mars og 10. apríl næstkomandi. Á tímabilinu 18. feb-rúar til 8. mars verða birtar á vefnum, á slóðinni www.bit.ac.at/ffi/,

nýjustu upplýsingar um fyrirtæki, stofnanir og háskóla sem hafa áhuga á hýsa unga sérfræðinga. Áhugasamir ungir vísindamenn eiga þá kost á að komast í samband við viðeigandi „gestgjafa.“

Á vefslóðinni www.bit.ac.at/fellows_for_industry.htm er nú þegar tilbúið safn yfir 250 stofnanir, háskóla og fyrirtæki í 13 löndum sem vilja taka á móti styrkþegum.

„Fellows for Industry“ samstarfsverkefnið byggist á Marie Curie áætlun Evrópusambandsins. Lokafrestir eru 13. mars (einstaklingsstyrkir í mannauðsáætluninni, Improving Human Potential) og 10. apríl (einstaklingsstyrkir í lífsgæðaáætluninni, Quality of Life). Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir, ragnheiður@si.is.



áætlunarinnar. Hann gat þess einnig að mun meira fé verði varið til matvælarannsóknna í komandi áætlun en þeirri sem nú er að ljúka.

Hvernig á að ná fötfestu á nýjum markaði?

Jean-Noël Kapferer, franskur prófessor í markaðsfræðum, hélt mjög athyglisvert erindi um mikilvægi merkjavöru og hvað ræður því hvort menn eiga að reyna að komast með sín eigin merki inn á markaði eða semja við verslanakeðjur um að selja undir þeirra merki, hvort leggja eigi áherslu á uppruna vörunnar og hversu mikinn framandleika neytendur eru reiðubúnir að samþykka. Hann lagði áherslu á að til að komast inn á nýjan markað þurfi menn sambönd. Semja verður við dreifingaraðila á svæðinu því að enginn kemst einn síns liðs inn á nýjan markað. Neytendur eru á varðbergi gagnvart erlendum vörum. Þess vegna er mikilvægt að komast inn í verslanir sem fólk treystir eða í tengslum við vörur sem eru vel þekktar á markaðnum. Nýjar vörur þurfa að falla vel að matarvenjum og hefðum á svæðinu. Þá er mjög brýnt að kynna sig vel á réttum stöðum, í víðlesnum matvælatímaritum og hjá pistlahöfundum sem hafa áhrif á almenningsálitið (opinion leaders).

Á ráðstefnunni var talsvert rætt um hina

norrænu ímynd hreinleika og gæða og hvernig menn geti nýtt sér hana í markaðsstarfi. Niðurstaðan virtist vera sú að sunnar í Evrópu og jafnvel í Bretlandi gefi menn ekki mikið fyrir það að matvæli séu svo óskaplega miklu hreinni eða betri á Norðurlöndum en annars staðar. Það eru mjög margir sem vilja gera út á þessa sömu þætti, t.d. Skotar og Írar og menn verða að hafa eitthvað máli sínu til stuðnings annað en eingöngu það að allir viti að við Norðurlandabúar séum bestir. Neytendur bera miklu meira traust til vara sem þeir þekkja og eru upprunnar úr næsta nágreppi þeirra en þess sem kemur lengra að, jafnvel þótt það komi frá norðlægari slóðum þar sem loft og vatn er hreina. SÍF tekur t.d. ekki fram á umbúðum sínum að varan komi frá Íslandi en reynir að læða ímynd hreins umhverfis inn í markaðsstarfið með öðrum hætti.

Í lok ráðstefnunnar var greint frá nokkrum vel heppnuðum nýsköpunarverkefnum, þ.á.m. nýtingu aukaafurða úr sjávarútvegi, þróun LGG vara og byltingu í umbúðum fyrir niðursuðuvörur, þ.e.a.s. pappafernu sem Tetrapak hefur þróað og á að geta komið í stað niðursuðudósar.

Fyrirtækjastefnumót

Meðfram ráðstefnunni var haldið fyrirtækjastefnumót þar sem þátttakendum gafst kostur á að kynna hugmyndir sínar að samstarfsverkefnum og ræða þær við aðra áhugasama.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Breyting á byggingarreglugerð

Umhverfisráðuneytið hefur tilkynnt um breytingu á byggingarreglugerð nr. 441/1998. Breytt hefur verið lokamálslið greinar 37.4 sem fjallar um iðnmeistarar og staðfestingu þeirra á ábyrgð á verki og tók breytingin gildi um síðustu áramót.

Eftir breytinguna skulu allir iðnmeistarar hafa staðfest ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi er gefið út. Þetta hefur þau áhrif að ekki verður hægt að hefja vinnu við byggingarleyfisskyldar framkvæmdir fyrir en allir iðnmeistarar, sem koma að framkvæmdinni, hafa skrifað upp á og byggingarstjóri tilkynnt þá til byggingarfulltrúa.

Málm- og véltækniskóli Íslands

Stefnubreyting á lokasprettinum

Fyrir röskum þremur árum hófust viðræður milli fulltrúa Fræðsluráðs málmíðnaðarins (FM) og menntamálaráðuneytisins um möguleika þess að FM, eða sjálfseignarstofnun á þess vegum, tæki að sér rekstur kjarnaskóla málmíðnaðarins. Ráðuneytið hafði þá tilkynnt að sá skóli

yrði við hinn nýja Borgarholtsskóla (BHS) enda væru ekki efni til að byggja upp fullkomna verkmennta- aðstöðu í málmíðnaði nema á einum stað. Sú ákvörðun var grundvöllur viðræðnanna. Eftir áralanga vinnu samningsaðila lágu fyrir samnings- drög sl. haust þar sem miðað var við

að nýr skóli, Málm- og véltækniskóli Íslands, yrði rekinn við Borgarholts- skóla næstu fimm árin undir stjórn og á ábyrgð atvinnulífsins.

Í kjölfarið breytti menntamálaráðherra skyndilega um grundvallarstefnu og ákvað einhliða að stefna að því að koma kjarna-

Ályktun

Almennur félagsfundur í Félagi blikksmiðjueigenda, haldinn 13. febrúar 2002, þarmar að samningaviðræður fulltrúa Fræðsluráðs málmíðnaðarins og menntamálaráðuneytisins um rekstur kjarnaskóla í málm- og véltækni fóru út um þúfur.

Fundurinn vekur athygli á að menntamálaráðuneytið hafði lýst yfir að kjarna- skóli málmíðna, og þar á meðal blikksgreinarinnar, yrði við Borgarholtsskóla í Reykjavík. Á því grundvallaratriði voru viðræðurnar byggðar ásamt með ný- staðfestum námskrám greinanna. Ráðuneytið gekk einnig með opnum huga til samningaviðræðna við fulltrúa atvinnulífsins í málmíðnaði um að sjálfseignar- stofnum á þess vegum tæki að sér rekstur skólans.

Með samningsdrögum sem viðræðunefnd hafði gengið frá á þeim grundvelli, var loks fundin heilstæð lausn á rekstri slíks skóla í samræmi við námskrár. Þar með sáu blikksmiðjueigendur loks hilla undir boðlega aðstöðu til að kenna sagði í samræmi við kröfur sem ráðuneytið hefur sjálft staðfest.

Með ákvörðun menntamálaráðherra, að hafna fyrirliggjandi samningsdrögum og víkja um leið frá sinni eigin stefnumörkun í máli þessu, er þetta mikla hagsmunamál greinarinnar sett í uppnám. Fundurinn lýsir fullri ábyrgð á hendur menntamálaráðuneytinu hvernig komið er og mótmalir þeirri vanvirðu sem verknámi er sýnd með þessari framkomu.

Fundurinn telur eðlilegt að heildarsamtök iðnaðarins taki mál þetta til alvar- legrar skoðunar og beiti sér fyrir að verkmenntun hljóti sama sess í þjóðfélaginu eins og gerist meðal samkeppnishjóða okkar. Á því byggist heillavænleg iðnþróun.

Ályktun

Fundur stjórnar Málm- og véltækniskólans, haldinn 22. janúar 2002, furrar sig á þeim málalokum sem urðu á samningaviðræðum milli menntamálaráðuneytisins og fulltrúa Fræðsluráðs málmíðnaðarins um rekstur kjarnaskóla greinarinnar undir heitinu Málm- og véltækniskóli Íslands.

Stjórn Málm- og véltækniskólans studdi þessar viðræður eindregið enda byggðar á forsendum sem báðir samningsaðilar höfðu sammatst um. Nú hefur ráðuneytið snúið baki við þessum grundvallaratriðum án útskýringa og skilið þetta mikla hagsmunamál greinarinnar eftir í lausu lofti.

Málmíðnaðurinn á allt undir að iðnmenntun skili góðum og hafum fagnönnum og krefst þess að hún verði færð til nútíma horfs í samræmi við námskrár sem menntamálaráðuneytið hefur gefið út. Framhaldsskólalögin frá 1996 gera ráð fyrir formlegu samstarfi atvinnulífs og skóla um framkvæmd iðnnámsins. Þeirri áskorun var vel tekið af hálfu hagsmunaaðila í málmíðnaði og var m.a. grundvöllur endurskoðunar námskráa í greininni.

Samningaviðræður um rekstur kjarnaskóla voru hluti þessarar aðkomu greinarinnar og mikilvægt framlag af hálfu atvinnulífsins til að taka ábyrgan þátt í að efla verkmenntun í landinu. Þessi viðleitni hefur nú verið vegin og léttvæg fundin af hálfu menntamálaráð- herra enda þótt hún hafi byggst á þeim grundvallarhugmyndum sem ráðuneytið hafði sjálft lagt til eða samþykkt.

Stjórn Málm- og véltækniskólans telur að hér hafi orðið trúnaðarþrestur milli hagsmunaaðila málm- iðnaðarins og menntamálaráðuneytisins og mjög alvarlegt ástand hafi skapast um framkvæmd iðnnáms í greininni sem þó var mikil þörf á að bata. Því beinir stjórnin þeim tilmælum til stjórnar Samtaka iðnaðarins að þau taki þetta mál föstum tökum og setji í forgang. Unnið verði með samtökum iðnaðarmanna að því að móta sameigin- lega stefnu sem gæti leitt til þess að verkefni og tæknimenntun í málmíðnaði verði færð til þess horfs sem þjóðarhagur krefst.

skóla í mál- og véltæknigreinum fyrir í þremur tilteknum skólum. Engar haldbærar röksemdir voru færðar fyrir þessum óvæntu sinnaskiptum. Samningamenn FM sáu því ekki forsendur til frekari viðræðna enda var markmið þeirra að koma að rekstri tiltekna skóla en ekki margra.


Í greinargerð samninganefndar FM er lýst yfir miklum vonbrigðum með þessi málalok enda mikil vinna verið lögð í samningsgerðina. Verra er þó að ekkert liggur fyrir um það hvar og hvernig þetta nám verður framkvæmt í framtíðinni.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu telja fulltrúar FM að mikil og knýjandi þörf sé á að taka alla framkvæmd starfs- og verknáms á Íslandi til alvarlegrar umræðu og auka skilning á þýðingu þess fyrir velferð þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að stjórn málaöflin skynji ábyrgð sína í þessu efni og kosti kapps um að vinna með atvinnulífina að því að gera verkmenntun eins hátt undir höfði og gert er meðal samkeppnisþjóða okkar.

Umbætur á sviði verkmennta eru eitt mesta hagsmunamál Íslendinga á næstu árum og áratugum. Alvarlegt er að þörf fyrirtækja um hæft starfsfólk verður ekki sinnt að óbreyttu og afleiðingar þess eru mjög alvarlegar. Haldi verkmenntuðum áfram að fækka mun það bitna á vexti og verðmætasköpun í iðnaði. Samkeppni við aðrar þjóðir verður lakari.

Stjórn Máls (samtaka fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði) og félagsfundur Félags blikksmiðjueigenda hafa sent frá sér ályktanir vegna þessa máls. Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur rætt það ítarlega og tekur undir það sjónarmið að vinna þurfi bráðan bug að því að auka skilning á þýðingu verk- og starfsnáms í þjóðfélaginu. Ljóst er að hér er ekki um að ræða einstakt tilvik heldur bendir margt til að staðan sé sambærileg í öðrum iðngreinum. Því hefur verið ákveðið að fjalla um þetta mikilvæga málefni á næsta Iðnþingi. Eftir verður til ráðstefnu í vor þar sem þýðing verkmenntunar verður skilgreind og hugmyndir lagðar fram um hvernig að henni skuli staðið næstu ár og áratugi. Ef Íslendingum á að takast að bæta þjóðarhag og halda í við erlenda keppinauta sína er ljóst að við svo búið má ekki standa.

*Ingi Bogi Bogason
Ingólfur Sverrisson*



Landssamband bakameistara efndi um síðustu mánaðamót til samkeppni um köku ársins 2002, meðal félagsmanna sinna og starfsmanna þeirra. Slík keppni var haldin í fyrsta sinn í fyrra en stefnt er að því að hún verði framvegis árviss viðburður og benda undirtektir eindregið til þess.

Í ár komu 13 kökur inn til keppinnar. Þeim var skilað undir dulnefni en fimm manna dómnefnd valdi sigurkökuna. Í dómnefnd sátu bakameistararnir Jón Rúnar Arilússon, formaður, Ingólfur Sigurðsson og Haraldur Friðriksson en auk þeirra Helga Kristín Einarsdóttir frá Morgunblaðinu og Jóhanna Vilhjálmadóttir frá Ísland í bíti á Stöð 2.

Valið var erfitt því að allar kökurar þóttu bæði fallegar og mjög bragðgóðar en dómnefndin komst eigi að síður að sameiginlegri niðurstöðu. Höfundur sigurkökunnar er Ásgeir Sandholt, kólugerðarmeistari hjá G. Ólafsson & Sandholt.

Sigurkakan hlýtur nafnbótina „Kaka ársins 2002“ og verður kynnt í öllum aðildarbakaríum Landssambands bakameistara á konudaginn, 24. febrúar. Kakan verður væntanlega á boðstólum í bakaríum áfram, a.m.k. út þetta ár.

Ragnheiður Hédinsdóttir



Prentkó og Prisma-Prentbær verða PRISMA/PRENTCO

Í haust yfirtók Prentsmiðjan Prentkó ehf. Prisma-Prentbæ ehf., og heitir prentsmiðjan nú PRISMA/PRENTCO.

Í frétt frá prentsmiðjunni kemur fram að PRISMA/PRENTCO sé nú orðin ein af stærri prentsmiðjunum á höfuðborgarsvæðinu með tvær fjögurra lita prentvélar og 5 aðrar prentvélar í minni verkefni, bókbandsfrágang, gyllingu o.fl. en auk þess býður fyrirtækið upp á hraðþjónustu sem nú mælist vel fyrir.

Í fréttinni segir enn fremur að hjá fyrirtækinu starfi nú um 15 manns sem leggi metnað sinn í að viðskiptavinirnir séu sem ánægðastir.

Framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar er Magnús Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri er Elísabet Sonja Harðardóttir og prentsmiðu- og framleiðslustjóri er Rósmundur Magnússon. Fjármálastjóri er Berglind Hafþórsdóttir. PRISMA/PRENTCO er til húsa að Bæjarhrauni 22 í Hafnarfirði.

Haraldur Dean Nelson



Rætt við dr. Ólaf H. Wallevik, verkfræðing, sérfræðing á
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Byltingarkennd steypa

Dr. Ólafur H. Wallevik hefur unnið að steypurannsóknum í 20 ár. Að undanfögnu hafa rannsóknir hans einkum beinst að svokallaðri sjálfútleggjandi steypu, eða SÚL-PAK steypu eins og hún hefur verið kölluð hér á landi.

Þróunarvinnan hefur aðallega farið fram á Rb en Steypustöðin ehf. hefur einnig unnið með Rb í þessari þróun. Húsnæðisstofnun og Rannís hafa einnig styrkt verkefnið og þá nauðsynlegu rannsóknarvinnu sem sjálfútleggjandi steypa krefst.

Þessi tegund steypu er sjálfþakkandi og er að mörgu leyti frábrugðin hefðbundinni steypu. Hún flýtur eins og vökví án þess að aðskiljast og ekki þarf að titra hana meðan hún er lögð niður. Steypunni er dælt hvar sem er í mótin til dæmis gegnum loka eða á hefðbundinn hátt með dælu en það mikilvægasta er að mannhöndin kemur hvergi nærri henni frá því að hún fer frá stöð þar til mótum er slegið frá. Talið er að SÚL-PAK steypan geti valdið straumhvörfum í byggingariðnaði, einkum með tilliti til endingar og veðrunarþols.

Ör þróun

Ólafur segir að hugmyndin að þessari gerð steypu sé orðin 25 ára en hún er ættuð frá Japan. Formleg þróun hennar hófst fyrir um 10 árum við háskólann í Tokyo en fyrsta mannvirkið úr steypunni var reist í Japan fyrir um 7 árum. „Síðan hefur þróunin orðið ör og áhugi á efninu aukist mjög, ekki síst á Norðurlöndum. Svíar eru komnir einna lengst á veg í framleiðslu og notkun slíkrar steypu en Hollendingar og Frakkar fylgja fast á hæla þeim,” segir Ólafur.

Mælitækið skipti sköpum

Áhugi Ólafs á þessum fræðum vaknaði þegar hann var við doktorsnám í Þrándheimi fyrir um 20 árum. „Lykillinn er sá að

þá þróaði ég mælitæki sem mælir seigju í steypu og það hefur verið þróað áfram þannig að nú hafa 33 tæki verið framleidd hér á landi og seld víða um heim, t.d. til Kína, Japan, Bandaríkjanna og margra Evrópulanda. Tækið veitir okkur talsvert forskot þannig að þekking okkar á fræðigreinininni rheologiu, sem er fræðin um flot og formbreytingu efna undir álagi, stundum nefnd seigufraði, er orðin mjög vildtæk. Við þurfum að vita allt um íblöndunarefni og flæðieiginleika og vinnum fjölda verkefna af því tagi fyrir erlenda aðila víða um heim. Þegar ný efni koma fram á þessu sviði eru þau yfirleitt send til okkar vegna þessarar sérstöðu.”

Á allra síðustu árum hefur áhugi á steypunni aukist verulega og í flestum löndum Vestur-Evrópu eru menn að feta sig áfram í þessum efnium. Ólafur er því mikið á ferðinni vítt og breitt um heiminn þar sem hann er ýmist fenginn til að halda námskeið eða flytja fyrirlestra um þetta rannsóknarefni sitt. Hann leggur þó ríka áherslu á að ekki megi rugla saman SÚL-PAK steypu og svonefndri flotsteypu. Sú síðarnefnda sé af allt annarri gerð og eigi ekkert skylt við SÚL-PAK steypuna.

Staða SÚL-PAK steypu hér á landi

„Steypan hefur átt erfitt uppdráttar hér á landi einkum vegna þess að mörg innlendfylliefni eru óstöðug m.t.t. kornakúrfu og rakainnihalds og svo vantar æskileg fín efni svo sem slagg og kalksteinsduft. Við höfum gert nokkrar tilraunir í samstarfi við Steypustöðina hf. og BM Vallá hefur líka gert tilraunir en af ýmsum ástæðum hefur ekki gengið nógu vel að koma boðskapnum á framfæri hér á landi. Önnur ástæða er sú að efnið er enn á byrjunarstigi og þarf


mikið eftirlit og er því enn þá dýrara en hefðbundin steinsteypa, eða sem nemur 20% en getur aftur á móti borgað sig í vissum tilvikum. Taka verður inn í myndina ýmsan sparnað og hagræði sem henni fylgir. Þá má geta þess að ekki þarf að breyta steypubílum en mótin þurfa að vera þétt.

Leiða þarf steypustöðvar, verktaka, verkfræðistofur en síðast en ekki síst verkkaupa í allan sannleika um kosti steypunnar. Þar er mikið verk að vinna ef notkun hennar á að geta orðið í sama mæli og t.d. í Svíþjóð. Þar hafa verið haldin 20 námskeið fyrir steypustöðvar og 30% þeirra geta nú afgreitt steypu af þessu tagi og 5% allrar steypu í þar í landi er SÚL-PAK steypa.

Innlendfylliefni henta illa

Einsleitni fylliefna verður að vera meiri en í hefðbundinni steypu og stjórna þarf nákvæmlega innihaldi þeirra í steypunni en þess þarf reyndar við blöndun allra steypu- tegunda. Sjálfútleggjandi steypa krefst meira fínefnamagns en hefðbundin steinsteypa í lágu styrktarflokkunum (C25/30) Erlendis eru venjulega notuð ódýr fín efni s.s. slagg og kalksteinsduft og því er hægt að minnka sementsmagnið sem er dýrasti hluti steypunnar. Hér á landi höfum við hins vegar þurft að nota sement þar sem þau fín efni sem hér er að finna eru ekki





hentug í þessa tegund steypu. Það veldur því að steypan verður oft nokkrum styrktarflokkum fyrir ofan tilskilinn styrk. Í stuttu máli sagt er smæðin okkar vandamál og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að gera miklar kröfur til framleiðenda hér á landi.”

Steypuskemmdir úr sögunni.

Í grein eftir Ólaf og samstarfsmann hans, Indriða Níelsson, tæknifræðing segir m.a. að rekja megi að allt að helming steypuskemmda í mannvirkjum til vandkvæða við niðurlögn, einkum vegna titrunar og eftirdeðhöndlun steypunnar. Með notkun SÚL-PAK steypu yrðu gallar eða vandamál við niðurlögn því sem næst úr sögunni því að mannhöndin kemur hvergi nærri og steypan lagar sig algerlega að yfirborði mótanna. Þá eiga steypuhreidur og yfirborðsskemmdir að heyrja sögunni til því að yfirborðið verður allt þéttara og einsleitara eins og áður er getið.

Ljóst er að SÚL-PAK steypa á framtíðina fyrir sér en tíminn sker úr um hvernær eða hvort notkun hennar verður eins almenn og hefðbundinnar steypu en fyrst er að ganga gegnum tilraunastigið eins og Ólafur segir. Ýmis verkefni, sem unnin hafa verið hér á landi þar sem SÚL-PAK steypa hefur verið notuð, þar á meðal við brúarviðgerðir og í Leifsstöð, hafa gefið góða raun þótt ýmsum spurningum sé enn ósvarað.

Dóra Kristín Jónsdóttir

Framtíð í prentverki

Ráðstefna í tilefni af 10 ára afmæli Prenttæknistofnunar

Prenttæknistofnun gekkst fyrir ráðstefnu um framtíð prentverks í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í byrjun desember. Ráðstefnustjóri var Sveinbjörn Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Umslags. Tilefnið var 10 ára afmæli stofnunarinnar sem er að hálfu í eigu Samtaka iðnaðarins annars vegar en Félags bókagerðarmanna hins vegar.

Prenttæknistofnun hefur frá upphafi staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir prentiðnaðinn, bæði tölvutengdum sem og tæknilegri námskeiðum fyrir bókbindara, prentara, prentsmiði og stjórnendur. Einnig hefur stofnunin komið að námskrármálum fyrir starfsgreinaráð í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.

Þrjár fyrirlesarar voru á ráðstefnunni: Manfred Werfel, rannsóknarstjóri Ifra, samtaka blaðaútgefenda í Darmstadt, Tony Kenton, forstjóri CPI prentsmiðjunnar í London og Ingi Rafn Ólafsson, framkvæmdastjóri Prenttæknistofnunar.

Manfred ræddi um stöðu prentiðnaðar í heiminum út frá sjónarmiði prentmiðla. Hann taldi að litur í prentmiðlum ætti eftir að aukast enn meira en orðið hefur. Hann var einnig þeirrar skoðunar að allar getgátur um að prentmiðlar væru komnir á grafarbakkan væru orðum auknar og ættu ekki við rök að styðjast.

Tony ræddi um ástandið út frá sjónarmiði prentsmiðjueigenda. Hann taldi að prentun ætti eftir að dragast saman í tilteknum greinum en umbúðaprentun ætti hins vegar eftir aukast. Tony lagði mikla áherslu á að þjónustustig prentsmiðja yrði



Fyrirlesarar, f.v. Ingi Rafn Ólafsson, Tony Kenton, Manfred Werfel og Sveinbjörn Hjálmarsson

að hækka til að auka hagnaðarvonir.

Ingi Rafn ræddi um framtíð íslensks prentiðnaðar og í hverju möguleikar hans væru fölgir. Hann fjallaði einnig um heildarlausnir sem prentsmiðjur gætu veitt viðskiptavinum sínum og sérhæfða prentun, t.d. persónumerktan markpóst.

Að framsöguerindum loknum fóru fram pallborðsumræður þar sem fyrirlesarar ræddu við ráðstefnugesti um fundarefni og svöruðu spurningum. Þar kom fram margt athyglisvert, bæði í spurningum og svörum. M.a. sögðu hinir erlendu gestir að samruni fyrirtækja í prentiðnaði, líkt og átt hefur sér stað á Íslandi á undanförunum árum, væri bæði nauðsynleg og óumflýjanleg þróun.

Að því búnu var móttaka þar sem léttar veitingar voru í boði. Það var mál manna að vel hefði til tekist með ráðstefnuna og hvatt til að efnt yrði til fleiri slíkra um málefni tengd prentiðnaðinum hér á landi.

*Ingi Rafn Ólafsson,
framkvæmdastjóri Prenttæknistofnunar*

Tugum milljarða króna varið til opinberra framkvæmda

Fjölsótt Útboðsþing SI og Félags vinnuvélaeigenda



Árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda var haldið á Hótel Loftleidum 25. janúar sl. Þar gerðu borgarstjórnin í Reykjavík og fulltrúar Framkvæmdasýslu ríkisins, Siglingamálastofnunar, Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar grein fyrir verklegum framkvæmdum á þeirra vegum

en þær nema tugum milljarða króna á þessu ári og fram á hið næsta. Umfang annarra en Landsvirkjunar virðist vera svipað og á síðasta ári eða líðlega 24 milljarðar króna.

Árni Jóhannsson



12 NBC
2002 REYKJAVÍK



Health

technology & science
exhibition 2002

Commercial exhibition associated with the international
conference 12NBC, The Nordic Baltic Conference on
Biomedical Engineering and Medical Physics,
in Iceland June 2002

SKRÁNING SÝNENDA ER HAFIN

Nánari upplýsingar á www.sl.is/health

Nánari upplýsingar um aðjóstlegu ráðstefnuna 12NBC og skráningartími
eyrir innlenda og erlenda gestir að finna á vefsíðunni www.hertu.sl.is/12NBC02



Í frambæði til stjórnar Samtaka iðnadarins

Eftirtaldir hafa gefið kost á sér í komandi kosningum



Vilmundur Jósefsson
í endurkjöri til
formanns SI

Vilmundur Jósefsson

f. 24. ágúst 1949
Framkvæmdastjóri
Gæðafæðis ehf.



Baldur Guðnason,

f. 22. janúar 1966
Stjórnarformaður,
HörpuSjafnar hf.
Akureyri



Birgir Snorrason

f. 25. júní 1958
Framkvæmdastjóri
Brauðgerðar
Kr. Jónssonar & Co.
Akureyri



Friðrik S. Kristjánsson

f. 8. apríl 1956
Framkvæmdastjóri
Omega Farma ehf.
Reykjavík



Guðlaugur Adólfsson,

f. 30. mars 1960
Formaður Meistarafélags
iðnaðarmanna í Hafnarfirði,
framkvæmdastjóri
Fagtaks ehf.
Hafnarfirði



Gunnar Gissurarson

f. 24. ágúst 1949
Framkvæmdastjóri
Gluggasmiðjunnar hf.
Reykjavík



Halla Bogadóttir

f. 2. mars 1956
Halla Boga, gullsmíði.
Reykjavík



Hreinn Jakobsson

f. 15. apríl 1960
Forstjóri Skýrr hf.
Reykjavík



Magnús Ólafsson

f. 6. mars 1944
Forstjóri Osta- og
Smjöröslunnar sf.
Reykjavík



Róbert Trausti Árnason

f. 24. apríl 1951
Forstjóri
Keflavíkurverktaka hf.
Keflavíkurlflugvelli

Þónping

15. mars 2002

í húsi iðnaðarins

DAGSKRÁ

09.45 FUNDARGÖGN AFHENT

10.00 HEFÐBUNDIN AÐALFUNDARSTÖRF

1. SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR LIÐIÐ STARFSÁR
 2. ÁRSREIKNINGAR SAMTAKA IÐNAÐARINS
 3. TILLAGA STJÓRNAR AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS
 4. LÝST KJÖRI FORMANNS OG MEÐSTJÓRNENDA
 5. KJÖR Í FULLTRÚARÁÐ SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
 6. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA
 7. KOSNING KJÖRSTJÓRA OG AÐSTOÐARMANNA HANS
 8. ÖNNUR MÁL
- ÁLYKTUN IÐNÞINGS

12:00 OPIN DAGSKRÁ

HÁDEGISVERÐUR Í BODI SAMTAKA IÐNAÐARINS

RÆÐA FORMANNS, VILMUNDAR JÓSEFSSONAR

RÆÐA IÐNAÐARRÁÐHERRA, VALGERÐAR SVERRISDÓTTUR

14:15 SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS

SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS Í SAMFÉLAGI ÞJÓÐANNA
HALLDÓR ÁSGRÍMSSON, UTANRÍKISRÁÐHERRA

HVAÐ ER Í LAGI OG HVÆÐ ÞARF AÐ BÆTA?

STEINÞÓR ÓLAFSSON, FORSTJÓRI SÆPLASTS HF.

FJÁRMÁLAKERFIÐ OG SPROTAFYRIRTÆKIN

ÚLFAR STEINDÓRSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI
NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS

STAÐA OG FRAMTÍÐ IÐN- OG VERKMENNTUNAR

BALDUR GÍSLASON, SKÓLAMEISTARI IÐNSKÓLANS Í REYKJAVÍK

16:15 IÐNÞINGI SLITIÐ